

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
5. fundur 2023 (118. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 31.07.2023 kl. 08:15 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi

Guðlaugur H. Sigurjónsson og Gísli Pálsson boðuðu forföll.

1. Endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar. Drög að skipulags- og matslýsingu

Lögð voru fram drög að skipulags- og matslýsingu vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar aðalskipulags Keflavíkurflugvallar, dags. 18.07.2023.

Drögin voru kynnt og rædd. Óskað er eftir að athugasemdir við drögin, ef einhverjar eru, berist skipulagsfulltrúa fyrir miðjan ágúst n.k.. Æskilegt er að athugasemdir verði gerðar í Trakki (Track Changes) á skjalinu ef kostur er.

2. Aðaltorg, breyting á deiliskipulagi

Lagt var fram erindi Reykjanesbæjar, dags. 27.06.2023, varðandi breytingu á deiliskipulagi Aðaltorgs.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

3. Valhallarbraut 868, breyting á deiliskipulagi

Lagt var fram erindi Reykjanesbæjar, dags. 27.06.2023, varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Valhallarbraut 868. Breytingin felst í breyttri afmörkun og uppfærslu nógildandi deiliskipulags.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

4. Framkvæmdaleyfi fyrir nýja settjörn SFA-16

Lagt var fram afrit af framkvæmdaleyfi fyrir nýja settjörn SFA-16, dags. 4. júlí 2023, útgefnu af skipulagsfulltrúa Keflavíkurflugvallar.

5. Kadeco. Ósk um samstarf um rammskipulag á Demantssvæði og Aðalgötusvæði

Lagt var fram minnisblað Kadeco, dags. 14.06.2023, varðandi að unnið verði rammaskipulag fyrir Demantssvæði og Aðalgötusvæði byggt á K64 og Þróunaráætlun Isavia.

6. Ný lög um uppbyggingu og rekstur flugvalla

Lögð voru fram og rædd ný lög um uppbyggingu og rekstur flugvalla sem samþykkt voru á Alþingi 9. júní 2023. Lögin varða m.a. skipulagsnefnd Keflavíkuflugvallar og skipan fulltrúa í nefndina.

7. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 28. ágúst 2023.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Ný slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>